



## GÁTLISTI

Upplýsingar og gögn sem fjármálaeftirlitið óskar eftir í tengslum við samruna fjármálafyrirtækja, sbr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.)

Nr.	Lagatilvísun	Efni
1.		<b>Samrunaáætlun, þar sem fram kemur:</b>
1.1	1. tl. 120. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög (hfl.)	<p>Heiti og form félaganna, þ.á m. hvort heiti eða hugsanlegt erlent aukaheiti eigi að haldast sem aukaheiti í yfirtökufélaginu.</p> <p><i>Ef fyrirhugað er að hafa aukaheiti á einu eða fleiri útibúum, eftir samrunann, skal gerð grein fyrir á hvern hátt sé ætlunin að komast hjá ruglingshættu. Óskað er skýringa á því hvaða ráðstafanir verði gerðar til þess að viðsemjendur, viðskiptavinir og tilvonandi viðskiptavinir geri sér grein fyrir því hver sé sá lögaðili sem stendur að baki viðkomandi útibúi, s.s. í tengslum við markaðssetningu og auglýsingar. Jafnframt er bent á að rétt er að öll þau skjöl sem frá útibúinu koma beri framangreint með sér. Óskað er eftir sjónarmiðum fjármálafyrirtækjanna um hvernig brugðist verði við framangreindu.</i></p>
1.2	2. tl. 120. gr. hfl.	Heimilisfang félaganna.
1.3	3. tl. 120. gr. hfl.	<p>Endurgjald fyrir hlutina í yfirtekna félaginu.</p> <p><i>Á ekki við þegar hlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu, sbr. 129. gr. hfl.</i></p>
1.4	4. tl. 120. gr. hfl.	<p>Frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs og sérstök skilyrði varðandi þann rétt.</p> <p><i>Á ekki við þegar hlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu, sbr. 129. gr. hfl.</i></p>

1.5	5. tl. 120. gr. hfl.	Hvaða réttindi hugsanlegir eigendur hluta og skuldabréfa með sérstökum réttindum í yfirtekna félaginu fái í yfirtökufélaginu.
1.6	6. tl. 120. gr. hfl.	Aðrar hugsanlegar ráðstafanir til hagsbóta eigendum þeirra hluta og skuldabréfa sem um ræðir í 5. tl. 120. gr. hfl.
1.7	7. tl. 120. gr. hfl.	Afhending hlutabréfa fyrir hluti sem látnir eru í té sem greiðsla.  <i>Á ekki við þegar hlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu, sbr. 129. gr. hfl.</i>
1.8	8. tl. 120. gr. hfl.	Frá hvaða tímamarki réttindum og skyldum yfirtekna félagsins skuli reikningslega teljast lokið, sbr. 2. mgr. 121. gr. hfl.
1.9	9. tl. 120. gr. hfl.	Hvort um sé að ræða sérstök hlunnindi sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og fulltrúanefndarmenn, matsmenn skv. 122. gr. hfl. og eftirlitsaðilar njóta.  <i>Sé svo þá er óskað eftir upplýsingum um hvers konar fyrirgreiðslur eða hlunnindi til viðkomandi aðila frá samrunafyrirtækjunum er að ræða, s.s. kaupréttarsamninga og starfslokasamninga.</i>
1.10	10. tl. 120. gr. hfl.	Drög að samþykktum hins nýja félags, þegar um er að ræða sjálfseignarstofnun sem sameinast hlutafélagi, sbr. 2. mgr. 73. gr. ffl.

2.		Greinargerð félagsstjórna
2.1	1. mgr. 121. gr. hfl.	<p>Fjármálaeftirlitið óskar eftir greinargerð félagsstjórnar. Í henni skal m.a. koma fram skýring og rökstuðningur fyrir efnahagslegum og lagalegum ástæðum til grundvallar samrunanum, endurgjaldi fyrir hlutina og hvort sérstök vandkvæði tengist því.</p> <p>Greinargerðir félagsstjórna skulu byggja á sjálfstæðri skoðun hvorrar félagsstjórnar fyrir sig.</p> <p>Ef allir hluthafar félagsins samþykkja það samhljóða á hluthafafundi má ákveða að greinargerðin skuli ekki samin og skal þá senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins ásamt endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi fyrir félögin. Fundargerðina þarf jafnframt að senda fjármálaeftirlitinu.</p> <p><i>Ef hlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu, sbr. 129. gr. hfl., þarf samrunaáætlunin ekki að fjalla um efnahagslegar og lagalegar ástæður til grundvallar samrunaáætluninni og endurgjald fyrir hlutina.</i></p>

3.		Endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur
3.1	2. mgr. 121. gr. hfl.	<p>Rétt er að taka fram að uppsetning sameiginlegs efnahags- og rekstrarreiknings fyrir félögin skal miða við uppgjörsdag sem má ekki vera meira en sex mánuði fyrir undirritun samruna-áætlunarinnar.</p> <p>Félög sem falla undir 87. gr. a laga nr. 3/2006 um ársreikninga, og hafa skilað inn milliuppgjöri og gert það aðgengilegt öllum hluthöfum er heimilt að falla frá samningu endurskoðaðs sameiginlegs efnahags- og rekstrarreiknings ef allir hluthafar félagsins samþykkja það samhljóða á hluthafafundi og skal þá senda hlutfélagsskrá og fjármálaeftirlitinu afrit af fundargerð fundarins. Jafnvel þótt félögunum sé heimilt að falla frá endurskoðun samrunaefnahagsreiknings skal óendurskoðaður reikningur sendur fjármálaeftirlitinu.</p> <p><i>Ekki þarf að skila endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi þegar hlutafélagi er slitið án skuldaskila þannig að það sé algerlega sameinað öðru hlutafélagi er á alla hluti í yfirtekna félaginu, sbr. 129. gr. hfl.</i></p>

4.	Skýrsla óháðs sérfróðs matsmanns	
4.1	<p>1. mgr. 122. gr. hfl.</p> <p>V. kafli laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun</p> <p>3. mgr. 122. gr.</p> <p>1. mgr. 7. gr. hfl.</p> <p>4. mgr. 122. gr. hfl.</p>	<p>Óskað er eftir skýrslu óháðs sérfróðs matsmanns um samrunaáætlunina. Félögin geta haft einn eða fleiri sameiginlega matsmenn.</p> <p>Óháður matsmaður getur ekki verið ytri endurskoðandi samrunafélaganna né starfsmaður hans.</p> <p>Skýrsla matsmanns skal m.a. geyma yfirlýsingu um að hve miklu leyti endurgjaldið fyrir hlutina í yfirtekna félaginu er sanngjarnt og efnislega rökstutt, lýsingu á þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins og mat á því hvort aðferðirnar séu fullnægjandi.</p> <p>Með sérfróðum matsmönnum er átt við löggilta endurskoðendur, lögmenn eða aðra sérfróða menn (sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins).</p> <p>Ef allir hluthafar í samrunafélögunum samþykkja samhljóða á hluthafafundum að óháðir sérfróðir matsmenn skuli ekki gera skýrslu um samrunaáætlunina skal senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins ásamt endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstarreikningi fyrir félögin. Fundargerðina þarf jafnframt að senda fjármálaeftirlitinu.</p>
4.2	5. mgr. 122. gr. hfl.	Matsmenn skulu ætíð gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

<b>5.</b>		<b>Móttaka skjala í Lögbirtingablaði</b>
5.1	1. mgr. 123. gr. hfl.	Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um hvort tilskilin gögn og upplýsingar hafi verið sendar hlutafélagaskrá. Þá er óskað eftir afriti af auglýsingu um móttöku skjalanna í Lögbirtingablaði.
<b>6.</b>		<b>Samþykki hluthafafundar í yfirteknu félagi</b>
6.1	2. mgr. 106. gr. ffl.	Óskað er eftir afriti af fundargerð hluthafafundar þar sem ákvörðun um samruna er samþykkt og afriti af samþykktum félagsins.
	2. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 129. gr. hfl.	Ef hið yfirtekna fyrirtæki er alfarið í eigu yfirtökufélags þarf ekki að koma samþykki hluthafafundar heldur getur stjórn þess tekið ákvörðun um samruna. Afrit af fundargerð skal send fjármálaeftirlitinu.
<b>7.</b>		<b>Samþykki stjórnar eða hluthafafundar í yfirtökufélagi</b>
7.1	2. mgr. 124. gr. hfl.	Óskað er eftir afriti af fundargerð félagsstjórnar þar sem tekin var ákvörðun um samruna og afriti af samþykktum félagsins.
7.2	2. og 3. mgr. 124. gr. hfl.	Ef hluthafafundur tók ákvörðun um samruna er óskað eftir afriti af fundargerð þess fundar.
<b>8.</b>		<b>Hlutafé í yfirtekna félaginu í eigu yfirtökufélagsins</b>
8.1	3. mgr. 127. gr. hfl.	Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um hve marga hluti yfirtökufélagið eigi í yfirtekna félaginu, beint eða óbeint.  <i>Það skal athugað að eigi samrunafelögin hluti í yfirteknu félagi er ekki unnt að skipta þeim í hluti í yfirtökufélaginu.</i>

<b>9.</b>		<b>Virkur eignarhlutur í fjármálafyrirtækjum, dóttur – og hlutdeildarfélögum</b>
9.1	40. gr. ffl.	Fjármálaeftirlitið óskar upplýsinga um hvort virkur eignarhlutur myndast eða stækkar í fyrirtækjum sem eru undir eftirliti fjármálaeftirlitsins. Vakin er athygli á að aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skulu leita samþykkis fjármálaeftirlitsins fyrir fram, sbr. 40. gr. ffl.
9.2	21. gr. og 22. gr. ffl.	Fjármálaeftirlitið óskar upplýsinga um hliðar- og tímabundna starfsemi sameinaðs félags, sbr. skýrsluform fjármálaeftirlitsins um hliðar- og tímabundna starfsemi.
9.3	21. og 22. gr. ffl.	Fjármálaeftirlitið óskar eftir sundurliðuðu yfirliti yfir eignarhluti í öðrum fjármálafyrirtækjum sem samrunaaðilar hafa eignast eða tekið að veði.
<b>10.</b>		<b>Náin tengsl</b>
10.1	3. mgr. 7. gr. ffl.	Fjármálaeftirlitið óskar upplýsinga um náin tengsl í hinu sameinaða félagi.

11.		<b>Innra skipulag sameinaðs félags</b>
11.1		Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um framtíðaráform og breytingu á viðskiptalíkani eftir samrunann.
11.2		<p>Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um:</p> <p>Skipurit félagsins eftir samrunann, þar sem með talið upplýsingar um stjórnarmenn og helstu stjórnendur.</p> <p>Lýsing á starfsemi hvefrrar starfseiningar fyrir sig skv. skipuriti og umfjöllun um hvort breytingar verði m.a. á vöruframboði eða þjónustu.</p> <p>Starfsreglum stjórnar.</p> <p>Drögum að nýjum samþykktum ef við á.</p> <p>Óskað er eftir yfirliti yfir innri starfsreglur félagsins auk upplýsinga yfir efnislegar breytingar á helstu reglum.</p> <p>Hvernig innra eftirliti og innri endurskoðun verði háttað sem og hver sinni því eftirliti.</p> <p>Samrunaáætlun upplýsingakerfa sem inniheldur m.a. upplýsingar um:</p> <p>Mikilvæg upplýsingakerfi sem styðjast á við á einstökum sviðum, greinargerð um hvernig áætlað er að sameina þau mikilvægu upplýsingakerfi sem nú er stuðst við, hvort sú vinna sé hafin og á hvaða stigi hún er, tímaáætlun um samruna eða útskiptingu mikilvægra upplýsingakerfa.</p> <p>Áhættumat óháðs aðila á samrunaáætlun upplýsingakerfa samrunaaðilanna, sjá m.a. leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019 um um áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.</p>
12.		<b>Ytri endurskoðandi sameinaðs félags</b>
12.1	90. gr. ffl.	Fjármálaeftirlitið óskar upplýsinga um hver verður ytri endurskoðandi sameinaðs félags, eða hvernig hann verður valinn ef ekki liggur fyrir hver það skuli vera.



13.		<b>Áhrif samrunans á skuldbindingar samrunafélaganna</b>
13.1		Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um hvort samruninn muni hafa áhrif á skuldbindingar samrunafélaganna.
14.		<b>Áhrif samrunans á áhættustýringu og mat á áhættum</b>
14.1	77. gr. a fftl.	Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um hvort og að hvaða leyti samruninn hafi áhrif á áhættustýringu og mat á áhættum, m.a. með hliðsjón af 77. gr. a fft.
15.		<b>Eiginfjárstaða og eiginfjárlutfall eftir samrunann</b>
15.1		Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um útreikning á eiginfjárstöðu og eiginfjárlutfalli, m.v. stöðu eiginfjárgrunns og áhættugrunns eftir samrunann, sbr. eiginfjárskýrsluform fjármálaeftirlitsins (COREP).
16.		<b>Áhrif samrunans á stórar áhættuskuldbindingar félaganna</b>
16.1	29. gr. a fftl. og 4. hluti reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 575/2013 (CRR)	Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um hvort og að hvaða leyti samruninn muni hafa áhrif á stórar áhættuskuldbindingar félaganna, m.a. hvað varðar mat á hópi tengdra viðskiptamanna og tryggingum. Þá óskar eftirlitið eftir upplýsingum um hvort við samrunann verði til nýjar stórar áhættuskuldbindingar, sbr. skýrsluform fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar.

<b>17.</b>		<b>Hámark virkra eignarhluta yfirtökufélags eftir samrunann</b>
17.1	89 gr. – 91. gr. CRR	Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um hvort hámark virkra eignarhluta fari yfir þau mörk sem tilgreind eru í 89. gr. – 91. gr. CRR eftir samruna.
<b>18.</b>		<b>Mörk eigin hluta eða veð í eigin hlutum eftir samrunann</b>
18.1	29. gr. fftl.	Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um hvort samruninn leiði til þess að farið verði umfram þau mörk sem kveðið er á um í 29. gr. fftl., hvað varðar eigin hluti sameinaðs félags eða dótturfélaga þess.
<b>19.</b>		<b>Hluthafalisti og virkir eigendur í yfirtekna félaginu og yfirtökufélagi</b>
19.1	30 gr. hfl.	Fjármálaeftirlitið óskar eftir hluthafalista í yfirtekna félaginu og yfirtökufélaginu sem og lista yfir aðila sem eiga hluti beint og/eða óbeint í báðum félögum og fjölda hluta. Þá er óskað eftir því hvernig listi yfir hluthafa og hluti þeirra muni líta út eftir samrunann.
<b>20.</b>		<b>Upplýsingar sem kunngjöra þarf viðskiptamönnum</b>
20.1	6. mgr. 106. gr. fftl.	Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um hvert aðsetur samrunafélagsins verði, hvort útibúum muni fjölga eða fækka og hvort samruninn hafi áhrif á greiðslustað skuldaskjala. Þá óskar fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum um annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.
<b>21.</b>		<b>Áreiðanleikakönnun</b>
21.1	6. mgr. 106 gr. fftl.	Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um hvort gerð hafi verið áreiðanleikakönnun í tengslum við samrunann. Ef slík könnun er í vinnslu eða hefur verið gerð óskast afrit af henni.

<b>22.</b>		<b>Samhæfing starfsheimilda</b>
22.1	IV. kafli ffl.	Fjármálaeftirlitið óskar upplýsinga um hvort félögin hafi kannað samhæfingu starfsheimilda sinna í tengslum við fyrirhugaðan samruna.
<b>23.</b>		<b>Erlend starfsemi samrunafélaganna</b>
23.1		Fjármálaeftirlitið óskar upplýsinga um hvernig fari með erlenda starfsemi samrunafélaganna við samrunann og hvort fyrirhugað er að gera breytingar á henni við samrunann.
<b>24.</b>		<b>Aðrar upplýsingar er varða samrunann</b>
24.1		Fjármálaeftirlitið óskar eftir upplýsingum um annað sem kann að skipta máli í tengslum við samrunann, m.a. afstöðu Samkeppnis- eftirlitsins ef við á.
24.2	3. og 4. mgr. 72. gr. ffl.	Fjármálaeftirlitið óskar eftir eftirfarandi upplýsingum, ef við á, ef sparisjóður sem er sjálfseignarstofnun sameinast hlutafélagi með yfirtöku: Stofnun sérstakrar sjálfseignarstofnunar eða upplýsingar um ráðstöfun á endurgjaldi fyrir jákvætt óráðstafað eigið fé til samfélagslegra verkefna sparisjóðsins. Mat óháðs aðila á verðmæti endurgjalds til sjálfseignarstofnunar. Skipun stjórnar sjálfseignarstofnunar.